

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Hella 14. desember 2018
UST201804-320/J.S.J.
10.04.03

Deiliskipulag - Vopnafjörður - Íþróttasvæði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vopnafjarðarhrepps er barst 30. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi íþróttasvæðis og útivistarsvæðis á Vopnafirði.

Beðist er velvirðingar á hversu mjög hefur dregist að svara erindinu.


Fram kemur í tillögu að deiliskipulagi að svæðið afmarkist af iðnaðarsvæði vestan megin og íbúabyggð sunnan megin. Stærð deiliskipulagssvæðisins er um 75.000m².


Fram kemur að svæðið einkennist af mikilli náttúrufegurð og einstökum klettamyndunum. Í suðausturhorni íþróttavallarins eru náttúrulegir klettur sem nýttir eru sem áhorfendastúkur á stærri leikjum. Hönnun mannvirkja verði í einföldum formum með samræmdu lita- og efnisvali sem taki mið af jarðtónum. Efnisval skjólgirðinga verði samræmt við önnur mannvirki á svæðinu. Lagt verður til að gróður verði stór hluti af yfirbragði svæðisins og ásýnd þess. Innan svæðisins verði notast við tegundir líkt og eini, víði, birki, selju og fjölbreyttari tegundir eftir því sem gróðri vindur fram og skjól myndast fyrir viðkvæmari tegundir.

Í 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun tekur undir þau markmið sem fram koma í tillögu að deiliskipulagi þar sem lögð er áhersla á, að hönnun innviða verði með þeim hætti að þau taki mið af yfirbragði jarðminja á svæðinu. Auk þess að notast verði við fjölbreyttar innlendar gróðurtegundir eins og fyrr segir í tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfyllst


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur